

A. Til eins árs:

1. Fimm menn í útgerðarráð og fimm til vara.
2. Þrjú menn í stjórn Rafveitu Hafnarfjarðar og þrjú til vara.
3. Tvo menn í stjórn Lýsi & Mjöl hf. og tvo til vara.
4. Þrjú menn í gatnanafnanefnd.
5. Þrjú menn í byggðasafnsnefnd.
6. Þrjú menn í atvinnumálanefnd og þrjú til vara.
7. Einn mann í fjallskilanefnd.
8. Þrjú menn í fegrunarnefnd.
9. Fimm menn í æskulýðsráð og fimm til vara.
10. Þrjú menn í umferðarnefnd og þrjú til vara.
11. Þrjú menn í framkvæmdanefnd leiguíbúða.

B. Til fjögurra ára:

1. Fimm menn í skipulagsnefnd og fimm til vara.
2. Einn bæjarfulltrúi í stjórn Eftirlaunasjóðs Hafnarfjarðarkaupstaðar.
3. Þrjú menn í íþróttaráð.
4. Einn markavörð.
5. Þrjú menn í stjórn Sólvangs.
6. Einn mann í stjórn St. Jósepsspítala.
7. Einn mann í fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands og einn til vara.
8. Einn mann í Bláfjallanefnd.
9. Einn mann í stjórn Reykjanesfólkvangs.
10. Þrjú menn í jafnréttisnefnd og þrjú til vara.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 4. júní 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

10. júní 1982.

Nr. 334.

REGLUGERÐ

um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins.

1. gr.

Landinu er skipað í bústaðasvæði, og hefur hvert bústaðasvæði ákveðna gildistölu. Bústaðasvæðin og gildistölur þeirra eru sem hér segir:

Gildistala

Bústaðasvæði

- 1.0 Reykjavík, Seltjarnarnes, Kópavogur, Garðabær, Hafnarfjörður, Keflavík, Keflavíkurlugvöllur, Njarðvíkurkaupstaður, Mosfellssveit, Akureyri, Selfoss og Hveragerði.
- 0.6 Kjalarnes, kauptún á Reykjanesi nema Hafnir, svo og sveitir á Reykjanesi nema Hafnahreppur.
- 0.5 Akranes og Vestmannaeyjar.

- 0.4 Borgarnes, kaup­tún á Snæfellsnesi, Patreksfjörður, Ísafjörður, Hnífsdalur, Bolungarvík, Blönduós, Sauðárkrókur, Siglufjörður, Dalvík, Húsavík, Egilsstaðir, Seyðisfjörður, Neskaupstaður, Eskifjörður, Reyðarfjörður, Höfn í Hornafirði, Vík í Mýrdal, Eyrarbakki, Stokkseyri, Hella og Hvolsvöllur. Sveitir í Kjósarsýslu, Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu, Eyjafjarðarsýslu, Rangárvallasýslu og Árnessýslu svo og Hafnir og Hafnarhreppur.
- 0.3 Ólafsfjörður, öll kaup­tún með 300 íbúa eða fleiri, sem eigi hafa verið talin annars staðar. Sveitir á Snæfellsnesi, Dalasýslu, Barðastrandarsýslu, Ísafjarðarsýslu, Strandasýslu, Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Þingeyjarsýslu, Múlasýslum og Skaftafellssýslu.
- 0.1 Sérstakir afskekktir og einangraðir staðir..

2. gr.

Ríkið leggur eigi til íbúðarhúsnæði starfsmönnum sínum, er búa á íbúðarsvæðum, sem hafa gildistölu 1.0, öðrum en þeim, er vegna sérstakra gæslustarfa þurfa að búa á vinnustað. Það fer eftir mati hlutaðeigandi ráðherra í samráði við fjármálaráðherra, hverjir slík gæslustörf stunda. Hlutaðeigandi ráðherra ákveður og í samráði við fjármálaráðherra, hvaða starfsmönnum, sem búsettir eru á svæðum með gildistölu 0.1—0.6, ríkið skuli leggja til húsnæði.

3. gr.

Aðilum þeim, er afnot hafa af íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins ber að greiða ríkissjóði leigugjald fyrir húsnæðið. Sé húsnæðið sameign ríkis og sveitarfélaga greiðist leiga í hlutfalli við eignarhluta ríkissjóðs í íbúðarhúsnæðinu.

4. gr.

Húsaleigugjald er 5% — (hundraðstala leigu) — af brunabótamati íbúðar. Húsaleiga ákvarðast og af gildistölu hústaðasvæðis og reiknast leiga því skv. svofelldri líkingu:

$$\text{Leiga á mánuði} = \frac{\text{Brunabótamat} \times \text{gildistala hústaðasvæðis} \times 5}{100 \times 12}$$

Þegar starfi fylgir kvöð um búsetu í húsnæði ríkisins skal af því húsnæði greiða leigugjald svo sem væri húsnæðið staðsett á svæði með gildistöluna 0.4 sé það eigi staðsett á svæðum með gildistölunum 0.3 eða 0.1.

5. gr.

Um ákvörðun stærðar íbúðarhúsnæðis fer skv. starfsreglum Húsnæðismála­stjórnar. Íbúðarhúsnæði, sem er allt að 150 m², telst fullnýtt af leigutaka, séu íbúar húsnæðisins 6 manns eða færri. Hver íbúi umfram 6 íbúa er talinn nota 5 m² húsnæðis. Til íbúðarhúsnæðis leigutaka telst eigi húsnæði allt að 15 m², sem leigusali hefur samþykkt að nota skuli sem skrifstofu- eða starfshúsnæði í þágu ríkisins.

6. gr.

Fullnýti leigutaki eigi húsnæði, getur hann óskað lækkunar húsaleigu frá því sem segir í 4. gr. er nemur því húsnæði, sem ónýtt er, enda eigi þá leigusali umráðarétt yfir því húsnæði.

Leiga á mánuði, þar sem húsnæði er eigi fullnýtt ákveðst með svofelldri líkingu:

$$\text{Leiga} = \frac{A \times B \times P \times NF}{100 \times 12 \times RF}$$

Í líkingu þessari þýðir:

A = Brunabótamat.

B = Gildistala íbúðasvæðis.

P = Hundraðstala leigu.

NF = Fjöldi fermetra, er leigutaki notar til íbúðar.

RF = Reiknaður fermetrafjöldi íbúðarhúsnæðis, (þ.e. NF + húsnæði, sem nýtt er sem starfshúsnæði af ríkinu + annað íbúðarhúsnæði umfram 150 m² sbr. 5. gr.).

7. gr.

Ákveða skal starfsmanni húsaleigu um leið og húsnæði er selt á leigu. Hinn 1. ágúst ár hvert skal húsaleiga endurskoðuð með hliðsjón af þeirri breytingu, sem kann að hafa orðið á tölu íbúa undanfarið ár, og er þá miðað við þjóðskrá þann 1. desember næsta ár á undan.

Engar breytingar til hækkunar eða lækkunar húsaleigu, sem ákvörðuð hefur verið með ofangreindum hætti, skal gera frá öðrum degi en 1. ágúst ár hvert nema leigutaki segi upp hinu leigða húsnæði.

8. gr.

Leigutaki ber einn allan kostnað af upphitun húss, ljósi og ræstingu. Kvöð þessi nær til íbúðarhúsnæðis, skrifstofu- eða starfshúsnæðis skv. ákvæði 5. gr. svo og til þess annars húsnæðis, sem leigusali nýtir ekki, sbr. ákvæði 6. gr. þessarar reglugerðar, og telja verður óaðskiljanlegan hluta hins leigða.

9. gr.

Ríkissjóður greiðir alla skatta og skyldur, svo og viðhaldskostnað íbúðarhúsnæðis, sem að öllu er eign ríkisins. Slíkan kostnað af íbúðarhúsnæði, sem er sameign ríkis og annarra aðila, greiðir ríkissjóður einungis í réttu hlutfalli við eignarhluta sinn. Ákvarðanir leigutaka um viðbald íbúðarhúsnæðis skuldbinda eigi ríkissjóð.

10. gr.

Reglugerð þessi tekur til þeirra starfsmanna ríkisins, er afnot fá af íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins eða skipta um slíkt húsnæði eftir lok október 1970.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 27 frá 25. apríl 1968 og öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins nr. 104 frá 7. júlí 1970.

Ákvæði til bráðabirgða:

Þeir starfsmenn ríkisins, er við gildistöku þessarar reglugerðar hafa afnot af íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins, sem nú fellur undir bústaðasvæði með gildistöku 1.0 skv. 1. gr. reglugerðarinnar, skulu gjalda húsaleigu, er miðuð sé við þá gildistölu, sem bústaðasvæðið hafði, áður en reglugerð þessi tók gildi.

Fjármálaráðuneytið, 10. júní 1982.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.